

## 088/01 - Faxaborg SH 207

Faxaborg SH 207, eldur í rafmagnstöflu fyrir lensidælu

### Faxaborg SH 207

**Skipaskr.nr.:** 0257

**Smíðaður:** Risö 1964

**Stærð:** 192,34 brl; 276,00 bt

**Lengd:** 35,40 m **Breidd:** 7,04 m **Dýpt:** 6,20 m

**Vél:** Cummins 701,00 kW **Ágerð:** 1988

**Annað:**

**Földi skipverja:** 10



Faxaborg©Hafþór Hreiðarsson

### Atvikalýsing

Að morgni 28. september 2001 var verið að landa afla úr m.b. Faxaborg á Rifi.

Faxaborg hafði komið úr veiðiferð um þrjú leytið um nöttina og löndun átti að hefjast kl. 08:00 um morguninn. Þrír skipverjar sváfu framskips um borð og hafði útgerðarmaður ræst þá til vinnu um kl. 07:30. Löndun hafði staðið í um eina klst. þegar vart var við reykjarlykt sem kom upp úr efri lestarlúgu skipsins. Við athugun kom í ljós að eldur var laus á stjórnborðsgangi á millidekki. Reyndu skipverjar að nálgast eldinn í reykköfunarbúningi en vegna mikils reyks, sem hafði magnast mikið, var ákveðið að loka öllum hurðum og skilrúnum að ganginum og kalla á slökkvilið.

Greiðlega gekk hjá slökkviliði að slökkva eldinn. Miklar skemmdir urðu á ganginum, á veiðafærum, rafmagnsleiðslum, ljósum, myndavélum og klæðningum.

### Við rannsókn kom fram

- að rafmagn hafði slegið út í stjórnborðgangi;
- að líklegast hefði eldur komið í rafmagnsboxi fyrir miðjum stjórnborðsgangi sem var með rofa fyrir lensidælu, enda hafði hann verið mestur í kringum það;
- að stjórnborðsgangurinn var þrifinn um sólarhring áður en komið var til hafnar;
- að rafmagnsboxið hafði brunnið yfir áður vegna raka eða vatns;
- að nokkrum sinnum hafði slegið út rafmagni vegna rafmagnsboxsins;
- að rafmagnsboxið hafði verið fært áður vegna rakavandamáls;
- að komið hafði til tals að færa boxið aftur.

### Nefndarálit

Nefndin telur líklegt að eldurinn hafi kvíknað í rafmagnsboxi á stjórnborðsgangi sökum þess að það hafi ekki verið í viðunandi ástandi.

Nefndin telur að ítrekaðar vísbendingar um að rafmagnsboxið hafi verið á slæmum stað hefði átt að gefa tilefni til að færa það sem fyrst á stað sem ekki væri hætta á rakamyndun.